

## Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 87/2018, um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (nikótínvörur)

Mál nr. 277/2020

### Heilbrigðisráðuneytið – Lýðheila og stjórnsýsla velferðarmála

#### Umsögn Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins


Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins fagnar því að fram sé komið frumvarp sem setur reglur um nikótínþúða. Ákveðið andvaraleysi og seinagangur hins opinbera í setningu laga og reglugerða sem eiga að vernda íslensk börn og ungmenni veldur miklum vonbrigðum.

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins hefur alla tíð barist fyrir takmörkunum á tóbaksneyslu til að koma í veg fyrir margvíslegt heilsutjón af völdum hennar. Tóbaksvarningur (reyktóbak, reyklaust tóbak, rafrettur og aðrar nikótínvörur) er mjög ávanabindandi og rannsóknir benda til þess að fíkt með slíkar vörur þróist oft út í daglega notkun, ekki síst meðal unga fólksins.

#### Athugasemdir Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins:

- Við höfum áður gert þær athugasemir að við hefðum viljað sjá að breytingar hefðu verið gerðar á tóbaksvarnarlögum; þ.e. er varðaði lög um rafsígarettur og þá núna varðandi niktótínþúðana. Allar nikótínvörur sem ekki eru skilgreindar sem lyf ættu að falla undir tóbaksvarnarlög. Þannig er t.d. tekið á málum í Noregi.

Í Gallup-könnun sem Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins lét gera í nóvember 2020 kemur fram að rúmlega 85% svarenda eru sammála fullyrðingunni um að kaup á nikótínþúðum (í vör) ættu að vera háð sömu skilyrðum og gilda um aðrar nikótínvörur, svo sem sígarettur. Fleiri eru sammála fullyrðingunni eftir því sem aldur svarenda er hærri. Það sést líka í öllum könnunum að notkun þúðanna er mest meðal yngra fólks.



- Nikótín er unnið úr tóbaksplöntunni svo það er mjög vafasamt að skilgreina t.d. nikótínþúða sem tóbakslaus eins og fram kemur í 3. gr. Orðskýringar nr. 5. Það eru tóbaksframleiðendur sem margir eru einnig framleiðendur nikótínþúðanna sem hafa lagt sig alla fram við að árétta orðið „tóbakslaus“ til að gera lítið úr skaðsemi nikótíns.

- Í 6. gr. er fjallað um öryggi. Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins vill að lögð verði meiri áhersla á öryggi pakkninganna svo það sé ekki auðvelt fyrir ung börn að opna dósirnar.
- Í 9. gr. Innihaldsefni. Þar er talað um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að takmarka markaðssetningu bragðefna. Það er mjög mikilvægt að þessi reglugerð verði gerð tafarlaust. Bæði rafsígarettuvökvar og nikótínþúðar eru auglýstir sem „Einstök bragðskynjun“ og er þá verið að vísa í hin ótrúlegustu bragðefni sem sett eru í þessar vörur (t.d. sælgætis- og ávaxtabragð) – allt til að koma nýjum notendum á bragðið og ýta undir neyslu og þar með auka líkur á að nýir notendur sem allt of oft eru börn og ungmenni festist í viðjum nikótínfíknar. Starfshópur var settur á laggirnar í október 2019 sem meta átti hvort takmarka ætti heimildir til markaðssetningar bragðefni í rafsígarettum og gera tillögu um með hvaða hætti slíkt yrði þá gert. Hópurinn átti að skila niðurstöðum sínum fyrir 1. apríl 2020. Eru þær niðurstöður ekki fyrirbyggjandi svo hægt yrði að setja einhver skilyrði um bragðefni inn í löggin? Því meiri takmarkanir sem settar verða inn í löggin því meiri vernd verur fyrir ungt fólk.
- III. kafli. Takmörkun á notkun rafrettna. Við teljum alveg fráleitt að um notkun á nikótínþúðum gildi ekki sömu takmarkanir og um rafsígarettur (eða aðrar reykingar). Af hverju ætti notkunin ekki að vera bönnuð t.d. í leikskólum og öðrum stigum skólakerfisins? Hvers konar fyrirmyndir eiga varnarlaus börn á leikskólum og grunnskólum að hafa? Á einstaklingur að geta troðið nikótínþúða undir vörina hvar sem er og snert svo alla mögulega hluti hvar sem er (svo framarlega sem ekki sé þvegið og sprittað þegar þúði fer í vör eða fjarlægður). Margar sundlaugar og íþróttahús hafa bannað þessa notkun (bæði nikótínþúða og munn/neftóbak) meðal annars vegna sóðaskapar og vegna þess að niðurföll hafa stíflast.
- Varðandi markaðseftirlitið fögnum við því að Neytendstofu skuli falið að sjá um eftirlit. Við metum það svo að stofnunin hafi staðið sig mjög vel varðandi eftirlit með rafsígarettum.

Að lokum viljum við árétta að samkvæmt könnunum Rannsóknna og greininga (RoG) hefur orðið gríðarleg aukning í notkun nikótínþúðanna hjá ungu fólki. Í framhaldskólakönnun RoG frá því í haust kemur fram að 22% nema á aldrinum 16-20 ára höfðu prófað þúða einu sinni eða oftár á síðustu 30 dögum. Í niðurstöðum könnunar RoG „Ungt fólk 2020, 8.-10. bekkur – október“ höfðu 10% stúlkna og 9% drengja notað nikótínþúða einu sinni eða oftár. Notkunin í 8. og 9. bekk er líka þó nokkur. Þetta er ógnvænleg þróun sem þarf að stemma stigu við sem allra fyrst. Nikótínvörur þessar eru ódýrar, mjög aðgengilegar, sölustaðir eru margir, meðal annars netverslun. Vörur þessar eru auglýstar óhindrað víða, ekki síst á samfélagsmiðlum.

Virðingarfyllt,

Árni Einarsson  
formaður

Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins

Guðlaug B. Guðjónsdóttir  
framkvæmdastjóri

Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins